

Nr. 23-030 S 016 Harpa Farþegaskip

Skipaskr.nr. 7741
Útgerð: Snekkjan ehf
Smíðaður: 1993 af CANTIERI DI PISA, trefjaplast.
Stærð: 72 BT.
Mesta lengd: 20,13m Skráð lengd: 20 m
Breidd: 5,80 Dýpt: 3,14
Vél: Tvær M.A.N 375 kW
Fjöldi skipverja: 3
Fjöldi farþega: 12



Gögn:
LHG
Gögn RNSA

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. maí 2023 var Harpa stödd 2,1 sjómílu 300° út af Gróttu. Veður var NA 6 m/sek.

Harpa var í skoðunarferð með 12 farþega þegar báðar vélar misstu afl og þær stöðvuðust. Farþegaskipið Axel Rose dró Hörpu til hafnar í Reykjavík.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:


- Skipstjóri hafði samband við Landhelgisgæsluna en síðan var Axel Rose fengin til að draga Hörpu í land. Var Harpa komin í tog kl. 11:00 og komin til hafnar kl. 12:00.
- Olúkerfið var þannig upp byggt að það var sjálfrennandi að fæðidælum olúverks þar til að hæð í geymi var komin niður fyrir hæð olúverks. Eftir það áttu olúdælurnar að dæla upp úr geymum.
- Verið var að taka olú úr olúgeymi þar sem olúhæðin var orðin lægri en síur og olúverk vélanna. Þar með var ekki sjálfrennandi að síum og dælum sem gerði lofttæmingu erfiða.
- Skipt hafði verið um síur áður en ferðin hófst og var ekki nægilega vel lofttæmt þannig að fæðidælur náðu ekki að dæla upp olúnni.
- Þegar vélnar kláruðu olúna úr lögnunum stöðvuðust þær.



Olíuhæðarstika



Forsía



Fínsíur

Nefndarálit:

Ástæða þess að vélar skipsins stöðvuðust var sú að olíuhæð í olúgeymi var orðin lægri en bæði síur og olíudælur ásamt því að loft var í lögnum.

Tillaga í öryggisátt

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til Innviðaráðuneytisins að sett verði reglugerð sem kveði á um skip sem stunda farþegaflutninga séu útbúin neyslutanki (daghylki) þannig staðsettan að eldsneyti sé sjálfrennandi að dælum og síum.

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. febrúar 2024 af Guðmundi Frey Úlfarssyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni, Hirti Emilssyni og Jóni Finnbjörnssyni.